

Puroc TR Xtra Mat

Tvívátta vatnsþynnanlegt pólýúreþanlakk

Efnislýsing

Puroc TR Xtra Mat er almatt glært tveggja þátta vatnsþynnanlegt pólýúreþanlakk, ætlað til verndar yfirborði með miklu álagi, t.d. gólf- og viðarborðplötur innanhúss; berar, bæsaðar eða málaðar. Lakkið hentar einnig sem parketlakk og myndar þar að auki margfalda aukavörn á málaða vegg og steinefnaundirlag. Puroc TR Xtra Mat er jafnframt frábær vörn á vissar tegundir af sementsgólfli sem hannað er með lökkun í huga. Þegar glær Stuc Sealer grunnur er notaður undir lakkið helst litur flotsins óbreyttur. Sumt gólfli er ekki ætlað til yfirlökkunar.

Puroc TR Xtra Mat hefur langan notkunartíma og er auðvelt í notkun, þornar hratt, þolir bleytu og kemisk efni vel, er höggþolið og afar slitsterkt. Lakkið er létt í þrifum og lyktarlítið og hentar því sérlega vel í rýmum þar sem leysiefnalakk er ekki leyft. Hentar ekki á bílskúrgólf.

Meðhöndlun

Nýsteypt og flotuð gólf verða að hafa staðið og harðnað vel áður en lakkað er, skv. upplýsingum birgja. Undirlagið þarf að vera nægilega þurr (<5% rakastig), fast í sér og ekki duftsmitandi.

1. Fjarlægjið ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð skal slípa matt til að tryggja viðloðun. Ef um gólfli er að ræða þarf að opna það með slípun. Fjarlægjið allt slípiryk með ryksugu.
2. Grunnið ómálað flot með Stuc Sealer, 30% þynntu með vatni.
3. Hrærið vel upp í stofndós Puroc TR Xtra Mat svo möttunarefni samlagist. Blandið síðan herðinum vandlega saman við og hrærið í á meðan. Notið til þess hæggenga borvél.
4. Lakkið 2 umferðir með Puroc TR Xtra Mat. Ekki er hægt að nota sömu blöndu í báðar umferðir – blandið því efni fyrir hvora umferð fyrir sig.
5. Leyfilegt er að blanda aukamagni af herði út í stofninn til þess að styrkja filmuna enn frekar eða allt að 1 á móti 9 hlutum herðis.

ATH. Þar sem vatns- og gönguálag er mjög mikið, t.d. í verslunum, er ráðlagt að nota Crafcó QF Pur resínglæru sem millilag til að byggja upp aukabýkkt og styrkingu. Mikilvægt er að nota undirlakk/millilag af lakki á steinefnaspartl.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólýúreþan

Gljástig: Matt <5 GU

Lofthiti: 10-30°C

Yfirborðshiti við málu: 5-40°C

Hiti lakks: 10-30°C

Rakastig: Mest 80%. Góð loftræsting er mikilvæg við þornun, sérlega ef rakastig er hátt

Þurrefni: Í blöndu: Um 31% af rúmmáli

Þéttleiki: Í blöndu: 1,04 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurr: Um 30 míkrón á umferð (með pensli). Blautt: 100 míkrón. Þykktin sem næst í raun fer eftir hitastigi, loftræstingu, þynningarhlutfalli, grófleika yfirborðs o.fl.

Þurrktími við 20°C/60% raka: Rykþurr eftir 1 klst. Má ganga á eftir um 4 klst. Endurmálu eftir minnst 4 klst

Þynning: 2-5% með vatni ef þarf

Verkfæri: Penslar, rúllur

Hreinsun: Vatn

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) er 19 hlutar af rúmmáli á móti 1 hluta af þætti B (herðir)

Blöndun: Efnin þarf að blanda saman með hæggengri borvél með þeytara

Þekja: 30 míkróna þurr umferð (100 míkrón blaut): um 12 m²/l. Þekjan fer grófleika yfirborðs, vinnsluáferð, vinnuáæðum o.fl.

Notkunartími blöndu: Um 4 klst við 20°C eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B).

Efnið þykkar ekkert eftir þann tíma en missir vinnslueiginleika sína og hættir að mynda nothæfa filmu

Litur: Glært

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra sett (stofn og herðir)

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lifræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/j) 140 g/l (2010). Inniheldur mest 75 g/l

Varan er í samræmi við BREEAM HEA 9